

**Nd. 646. Frumvarp til laga [232. mál]**

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi lögum um námslán og námsstyrki, að framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri er bætt í hóp þeirra kennslustofnana, sem starfssvið lánasjóðs íslenzkra námsmanna tekur til. Í upphaflegri gerð laganna voru lánveitingar úr sjóðnum bundnar við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir. Með lögum nr. 89/1968 var gerð sú breyting, að heimilaðar voru lánveitingar til náms í kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, svo og í fyrsta hluta Tækniskóla Íslands. Réttmætt þykir að telja framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri það hliðstæða síðast töldu kennslustofnuninni, m. a. að því er varðar undirbúningsnám nemenda, að eðlilegt sé, að nemendur hennar eigi einnig kost á námslánnum úr lánasjóði íslenzkra námsmanna.